



## Endurheimt og ræktun lands og skóga er mikilvæg aðgerð í loftslagsmálum

# Stofnun með stafrænar höfuðstöðvar

Sigurður Bogi Sævarsson  
sbs@mbl.is

Land og skógur, þekkingarstofnun á sviði gróður- og jarðvegsauðlinda, varð formlega til nú um áramótin og starfsemi hefst í dag. Skógræktin og Landgræðslan heyra nú sögunni til en mynda kjarnann í nýrri stofnun sem hefur engar formlegar höfuðstöðvar.

„Ætli einhver að senda okkur hefðbundið bréf stílast það á Gunnarsholt á Rangárvöllum en lögheimilið og ein af 18 starfsstöðvum er þar. Höfuðstöðvarnar verða annars stafrænar. Allt er þetta í samræmi við nýja tíma og aðferðir; starfað er þvert á svið og viðfangsefni leyst í hópum sem funda gjarnan yfir netið, starfsstöðvar eru annars vítt og breitt um landið og á þeim stöðum þar sem hentar og í nálægð við staðbundin verkefni,“ segir Ágúst Sigurðsson forstjóri.

### Vakta auðlindir og nýta með sjálfbærni

Rannsóknir, eftirlit og fræðsla eru kjarnaþættir í starfsemi Lands og skógar. Inntak starfsins er að bæta og vakta gróður- og jarðvegsauðlindir Íslands, nýta land af sjálfbærni, draga úr losun og stuðla að bindingu kolefnis, virkja almenning og hagsmunaaðila til þátttöku í endurheimt og uppbyggingu vistkerfa og fræða um land og skóga. Markmið stjórnvalda um þau efni eru skýr:

Til næstu ára er byggt á nýrri stefnu og framtíðarsýn stjórnvalda í landgræðslu og skógrækt og sérstakri aðgerðaáætlun sem henni fylgir. Til þessa mun starfsfólk Lands og skógar sinna vísindavinnu og starfa í samræmi við þessa opinberu stefnu og framtíðarsýn. Úti á mörkinni er stór hluti af starfinu að hafa umsjón með og sinna þjóðskógum, löndum og landgræðslusvæðum. Þó er stórum hluta landgræðslusvæða og skóga landsins í dag sinnt af bændum.

### Land og loftslag

Að bæta auðlindir er eitt af markmiðum Lands og skógar, m.a. að auka viðnámsþrótt og þanþol



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

**Hallormsstaðaskógur** Frá Lagarfljóti nær skógurinn langt upp hlíðar.



**Timbur Vinnsla** skógarafurða skilar ýmsum afurðum og vaxandi tekjum.

vistkerfa gagnvart áföllum og náttúruvá, eins og segir í kynningu. Einnig að sjá til þess að skógrækt stuðli að verndun jarðvegs. Þá skal nýting lands vernda og endurheimta líffræðilega fjölbreytni og byggja upp orku- og næringarforða. Nýting skóga skal vera sjálfbær svo nytjar skili sem mestu til samfélagsins, sbr. þá bændaskógarækt sem víða er stunduð í sveitum landsins.

Ræktun skóga er einnig ætlað að binda kolefni en í því felast mikilvægar aðgerðir í loftslagsmálum. Raunar má minna á að fyrr á tíð voru landgræðsla og skógrækt gildur þáttur í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. Síðan hafa markmiðin breyst og því má velta upp hvort loftslagsmál séu í dag orðin að ein-



**Landgræðsla** Rúllubaggaheiyð er sett í rofabörðin. Reynslan er góð.

hverju leyti ígildi fullveldisbaráttu í samfélagi þjóðanna.

### Endurheimt votlendis mikilvæg

En hver er staða lands og skóga í dag og hver eru stóru verkefni? Stundum koma þeir dagar sunnlands og á NA-landi að brún muska liggur í loftinu svo tekur fyrir fjallasýn. Samkvæmt því er víða verk óunnið, en Ágúst Sigurðsson segir stöðuna þó hafa batnað verulega í seinni tíð.

„Verkefni nú eru talsvert önnur en í árdaga landgræðslu á Íslandi á öndverðri 20. öld. Þá hafi áherslan verið á að stöðva sandfokið og hefta jarðvegseyðingu í byggð. Því miður þekkist enn uppblástur þó hann sé



**Forysta** Bæta gróður og jarðvegsauðlindir, segir Ágúst.

### Hver er hann?

• Ágúst Sigurðsson, f. 1964, er menntaður í búvísindum og doktor í erfðafræði frá sænska landbúnaðarháskólanum í Uppsöllum. Var landsráðsnatur í búfjárfærðfræði og hrossarækt hjá Bændasamtökum Íslands og 2004-2014 rektor við Landbúnaðarháskóla Íslands. Ágúst var sveitarstjóri Rangárbings ytra 2014-2022 og sl. haust skipaður forstöðumaður Lands og skógar.

• Ágúst hefur gegnt ýmsum stjórnar- og nefndastörfum tengdum landbúnaði, landgræðslu, hrossarækt og háskólamálum og skrifað margt vísindatengt um þau mál.

alls þess hefur verið raskað. Sumt af því var gert á sínum tíma af brýnni nauðsyn, vegna m.a. fóðurframleiðslu í landbúnaði. Einnig og að hluta þar sem þekkingu á mikilvægi votlendis fyrir samspilið í lífríkinu skorti. Fram til ársins 2031 er ætlunin að endurheimta um 15.600 ha. af röskuðu votlendi. Ef við svo lítum til skógræktar þá er áhugavert að kynna sér frumkvöðlastarf þar. Lengi var lítið svo á að ræktun skóga hérlandis væri nánast óvinnandi vegur. En raunin varð önnur,“ segir Ágúst og heldur áfram:

„Samkvæmt mælingum þekja birkiskógar nú um 1,5% af flatarmáli Íslands og ræktaðir skógar um 0,5%. Þetta eru ekki mjög stórar tölur en samt mikil breyting frá því sem var fyrir ekki svo mörgum áratugum. Áætlanir til næstu ára eru um að endurheimta náttúrulega birkiskóga þannig að þeir þeki um 5% af flatarmáli landsins og gert er ráð fyrir nýjum ræktuðum skógum á 15.000 ha. lands og ræktaðir skógar þeki þá um 0,65% landsins. Og varðandi landgræðslu man ég, uppallinn á Rangárvöllum, vel þá tíma þegar sandurinn smaug um allt svo fólk og fénaður bókstaflega bruddi hann milli tanna.“

Stjórnvöld hafa nýlega markað stefnu í landgræðslu og skógrækt til næstu ára. Því liggja einstök áherslumál og verkefni ljós fyrir fyrir,“ segir Ágúst. „Ég tel ljóst að verulegur kraftur verði settur í þrjú viðfangsefni sem okkur eru ætluð, þ.e. kortlagningu ræktunarlands, innleiðingu reglna um sjálfbæra landnýtingu og í þriðja lagi endurheimt votlendis.“

### Samvinna og vísindi

Hjá Landi og skógi verður unnið eftir fléttuskipulagi. Hlutverk forstjóra er forysta, samræming og yfirsýn en fagsviðin fimm eru sjálfbær landnýting, þjóðskógar og lönd, rannsóknir og þróun, ræktun og nytjar og endurheimt vistkerfa. Þá eru tvö svið stoðþjónustu, það er gögn, miðlun og nýsköpun og fjármál og þjónustumiðstöð. Svíðsstjórar mynda síðan framkvæmdaráð ásamt forstjóra.

„Samvinna er lykilorð í starfsemi Lands og skógar. Nálगत þarf verkefni með vísindalegum hætti en einnig þarf að byggja á reynslu og staðbundinni þekkingu bænda og landeigenda. Þá er mikilvægt að vel takist til með samstarf við innlendar sem erlendar rannsóknarstofnanir. Og ef okkur á að takast ætlunarverkið að ná framúrskarandi árangri við að bæta gróður og jarðvegsauðlindir þjóðarinnar og stuðla að sjálfbærri nýtingu þeirra þá þurfum við Íslendingar að standa þétt saman,“ segir Ágúst að síðustu.

nú mun staðbundnari og í flestum tilvikum fjær byggð en áður var. Þá má segja að áður fyrr var markmiðið fyrst og fremst að endurheimta landbúnaðarland en nú er horft til þess að endurheimt vistkerfi geta veitt mun fjölbreyttari þjónustu en áður voru hugmyndir um,“ segir forstjórinn.

Í landgræðslu í dag er unnið á um 285 þúsund hekturum lands. Þar eru undir meðal annars Hólasandur og Dimmuborgir í Suður-Þingeyjar-sýslu, Hafnarsandur við Þorlákshöfn og Hekluslógar á Suðurlandi. Á landgræðslusvæðum er unnið að fjölbreyttum verndar- og endurheimtarverkefnum, s.s. stöðvun hraðfara jarðvegsrofs, endurheimt mólendis, birkivistkerfa og votlendis en áætlanir eru um að ná að endurheimta um 100.000 ha. raskaðs þurrlendis á næstu árum, einkum hnignaðs mólendis.

„Það er mikilvægt að endurheimta votlendi á Íslandi, en um helmingi





# Íbúarnir í fyrsta sinn 900 talsins

- Hrunamannahreppur bregst við fólksfjölgun með því að skipuleggja ný svæði undir íbúabyggð
- Íbúum á Flúðum fjölgar og eru nú um 500
- Uppbygging í ferðaþjónustu kallar á starfsfólk

## BAKSVIÐ

Baldur Arnarson  
baldura@mbl.is



Íbúar Hrunamannahrepps urðu í fyrsta sinn 900 talsins í desember. Þar af búa um 500 íbúanna á Flúðum.

Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri Hrunamannahrepps segir þetta vera ánægjuleg tímamót.

„Við erum afskaplega kát með að íbúum hér er að fjölga. Við erum í fyrsta skipti komin yfir 900 íbúa og rétt náðum því marki í lok árs. Það segir manni að fólk horfir hingað



í meiri mæli en áður. Það horfa margir til uppsveitanna núna og maður verður var við að margir sjá fyrir sér breytta búsetu og gætu ímyndað sér að búa annars staðar en í mestu hringiðunni. Og þar eru uppsveitir Árnessýslu mjög ákjósanlegur kostur.“

*Hvar býr fólk íð í hreppnum, þessir 900 íbúar?*

„Hrunamannahreppur er svolítið sérstakur hvað það varðar að á Flúðum eru rétt rúmlega 500 manns. Þannig að riflega helmingurinn býr á Flúðum. Svo eru velflestir búsettir á sveitabæjum hér í kring og í svona 10 km radíus í kringum Flúðir. Þar búa um 400 manns.“

*Hvernig var íbúabróunin á Flúðum í fyrri?*

„Það fjölgaði meira í þéttbýlinu en í uppsveitum.“

## Vantar fólk í alls kyns störf

*Af hverju er fólk að leita í uppsveitir?*

„Hér er heilmikla vinnu að hafa og okkur vantar fólk í alls kyns störf. Ferðaþjónustan er mjög öflug og það er margt í pípunum. Ég finn fyrir ríkum áhuga, sérstaklega í ferðaþjónustu, á að koma í frekari



Ljósmyndir/Aldís Hafsteinsdóttir

## Uppbygging íbúum fjölgar og uppbygging í ferðaþjónustu rennir fleiri stoðum undir greinina.

uppbyggingu. Meðal annars hafa hóteleigendur víðræð hugmyndir varðandi uppbyggingu á gististöðum og hótélum. Þannig að það er mjög gaman að verða vitni að því og fá að taka þátt í verkefnum sem eru full af bjartsýni og miklum möguleikum.

Stór hluti ferðamanna sem koma til Íslands fer Gullna hringinn og þar af leiðandi í uppsveitirnar og því fylgir mikil uppbygging. Þar með talið hjá okkur en það hefur til dæmis verið mikil uppbygging í Kerlingarfjöllum. Svæðið sem ferðamenn sækja er orðið mikið stærra og seglarnir sem ferðamenn skoða eru orðnir fleiri.“

## Vegagerð myndi breyta miklu

Aldís nefnir einnig mikla uppbyggingu í Þjórsárdal á vegum Bláa



Audlind Gamla laugin er vinsæl.

lónsins sem dæmi um fjárfestingu í ferðaþjónustu.

„Og ef Hvammsvirkjun verður að veruleika með tilheyrandi vegtengingu yfir í Rangárvallasýslu erum við að sjá gjörbreytt landslag hér upp frá. Við munum jafnframt upplifa að leiðirnar, ferðaleiðirnar, munu breytast. Það verður til nýr hringur og ég held að þeir sem eru framsýnir og duglegir að greina sviðsmyndir og sjá möguleika sjái að þetta er að verða reyndin. Um leið sjá þeir þá möguleika sem eru á uppbyggingu á ýmissi atvinnustarfsemi og þá ekki síst í ferðaþjónustu á þessu svæði.“

## Verið að úthluta lóðum

*Áttu þá von á því að það verði áframhaldandi íbúafjölgun?*

„Já. Það er ekki spurning. Við erum einmitt núna búin að úthluta lóðum á Flúðum fyrir á sjötta tug íbúða, þar eru framkvæmdir annaðhvort hafnar eða eru við það að hefjast.“

Þar á meðal eru framkvæmdir við íbúðarhúsnæði í nýju hverfi, Byggð á Bríkum, þar sem munu verða á annan að hundrad íbúðir. Í því hverfi einu yrðu jafn margir íbúar og búa nú á Flúðum, eða um 500 manns, þ.e.a.s. þegar hverfið er fullbyggt. Við erum þannig að tala um að íbúafjöldinn á Flúðum muni líklegast tvöfaldast að lágmarki á einhverju tímabili en við erum raunsæ með að það gerist líklega ekki á allra næstu árum.“

## Ferðatengd þjónusta

*Hversu algeng er fjarvinna meðal fólks sem sækir í hreppinn?*

„Við höfum orðið vör við að fólk stundar fjarvinnu héðan enda sífellt einfaldara. Almennt er heilmikil uppbygging í farvatninu. Við erum einmitt núna að vinna með aðilum sem fengu vilyrði um stórt svæði miðsvæðis á Flúðum sem þeir hafa áhuga á að nýta í ferðatengdri þjónustu, mjög fjölbreyttri. Það eru komnir nýir eigendur á Hótel Flúðum sem keyptu gistiheimilið beint á móti, Grund. Þeir aðilar hafa einnig fengið byggingarleyfi fyrir 40 herbergjum til viðbótar. Einnig eru golfarar hér stórtækir og þar eru í gangi spennandi hugmyndir og garðyrkjan sem og annar landbúnaður er mjög öflug hér. Þannig að það er margt í gangi. Og það er ljóst að á þessum stöðum öllum er þörf fyrir tugi starfsmanna.“

Þeir munu búa einhvers staðar og við ætlum að vera tilbúin að taka á móti því fólk sem þarf nauðsynlega nú þegar og mun þurfa á þá vinnustaði sem eru að bætast við.“

## Mun breyta umferðinni

*Þú nefndir Hvammsvirkjun? Hvaða vegtengingar verða til ef hún verður að veruleika?*

„Það liggur fyrir að það verður vegur um Hvammsvirkjun yfir í Landsveit og yfir í Rangárþing ytra. Og ég er sannfærð um að við þá vegtengingu muni umferðin breytast hér í uppsveitunum. Það verður til nýr hringur.“

*Hvernig þá?*

„Það mun verða til nýr hringur vegna þess að fólk mun þá fara að skoða Keríð, Gullfoss og Geysi og koma svo hér niður Skeiða- og Hrunamannaveginnum gegnum Flúðir til þess að fara niður í Þjórsárdal og svo niður í Landsveit og þar niður á Suðurlandsveginn aftur. Það er bjargföst trú mín að verði Hvammsvirkjun að veruleika munum við sjá miklu meiri áhrif af breytttri ferðaþjónustu og breyttum ferðavenjum fólks en við gerum okkur grein fyrir.“

*Hvað felst í breyttum ferðavenjum?*


„Miklu meiri umferð í gegnum Flúðir.“

*Þannig að í staðinn fyrir að ferðamenn séu að gista annars staðar gisti þeir á Flúðum?*

„Já. Við erum að markaðssetja svæðið þannig gagnvart ferðamönnum að þeir geti komið og dvalið lengur í uppsveitum. Komið og verið hér í þrjá til fjóra daga og keyrt út frá gististöðunum sem eru hér, í staðinn fyrir, eins og margir velja, að gista á höfuðborgarsvæðinu. Það eru auðvitað langflestir gistinætur á höfuðborgarsvæðinu.“

Algengt er að fólk sé að gista þar en taki þrjár til fjórar dagsferðir austur fyrir fjall og geri sér ekki grein fyrir að það getur, og það er miklu nær lagi, gist hreinlega í uppsveitunum og sótt þaðan þessar miklu perlur íslenskrar náttúru og verið þar með nær þeim öllum,“ segir Aldís. Innviðirnir séu mjög sterkir og vel hægt að þjónusta fleiri íbúa. Nóg sé af heitu vatni.





# Landsvirkjun undirbýr orkuöflun

● Áforma stækkun orkuvera sem þegar eru í rekstri ● Stækkun Sigöldustöðvar og Þeistareykja er lengst komin ● Vonast til að Búrfellslundur með 30 vindmyllum verði kominn í gagnid undir lok árs 2026

## FRÉTTASKÝRING

Sigtryggur Sigtryggsson  
sisl@mbl.is



Það er orkuskortur á Íslandi. Því hefðu fáir trúað fyrir fáeinum misserum. Landsvirkjun vill bregðast við með því að reisa nýjar virkjanir. En það ferli tekur langan tíma. Einnig hyggst Landsvirkjun auka raforkuframleiðsluna með því að stækka orkuvera sem þegar eru í rekstri. Þau áform sem lengst eru komin eru stækkun Sigöldustöðvar á Þjórsásvæðinu og stækkun Þeistareykja í Mývatnssveit.

Unnið er að stækkun Sigöldustöðvar um allt að 65 MW (megavött) til að auka afl í raforkuferfinu og jafna út sveiflur í vinnslu orku í vindorkuverinu Búrfellslundi, upplýsir Ragnhildur Sverrisdóttir upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar. Sigölduvirkjun yrði þá 215 MW.

Sigöldustöð er rétt ofan við Hrauneyjafossstöð, sunnan við Þórisvatn. Uppsett afl stöðvarinnar er 150 megavött og því getur hún unnið 920 gígavattstundir á ári. Stöðin var gangsett í lok árs 1978. Frárennslisskurður tengir Sigöldu við Hrauneyjafossstöð. Þá hefur Umhverfisstofnun tilkynnt að skýrsla um umhverfismat uppfylli skilyrði laga, eins og fram kom hér í blaðinu fyrir jól. Eftir er að sækja um leyfi Fiskistofu, virkjunarleyfi og framkvæmdaleyfi. Vonast er til að stækkun Sigöldustöðvar verði lokið 2027.

Fyrirhugað er að stækka gufuafllstöðina að Þeistareykjum úr 90 MW í 135 MW sem þýðir að virkjunin verður stækkuð um eina vélasamstæðu. Stækkun á Þeistareykjum verður vonandi lokið 2028, segir Ragnhildur. Þá er til skoðunar á sama stað verkefni sem gengur út á að bæta nýtni háþrýstrar gufu til orkuvinnslu.

Fyrir utan þessi tvö stækkunarverkefni er undirbúningur að Hvammsvirkjun og Búrfellslundi lengst kominn. Umhverfisstofnun tilkynnti skömmu fyrir jól áform um að veita heimild til breytinga á vatnshlotinu Þjórsá 1 vegna 95 MW Hvammsvirkjunar. Þar kemur fram að öll skilyrði séu uppfyllt í samræmi við ákvæði



Myndir/Landsvirkjun

**Búrfellslundur** Áformað er að reisa 30 vindmyllur austan við Þjórsá. Myndin er tekin með dróna og vindmyllur tölvuteiknaðar inn á. Horft til norðausturs.



**Sigöldustöð** Unnið er að stækkun stöðvarinnar um allt að 65 MW (megavött). Vonast er til að stækkuninni verði lokið árið 2027.

vatnalaga. Í vatnalögum er vatnshlot skilgreint sem eining vatns, t.d. stöðuvatn eða mikið magn vatns á einu svæði.

Ragnhildur segir að Hvammsvirkjun í Þjórsá sé vonandi á lokametrum leyfisveitingaferlis. Hún verður áttunda aflstöðin á stærsta vinnslusvæði Landsvirkjunar, Þjórsár- og Tungnaársvæðinu. Virkjun neðan við núverandi aflstöðvar hámarki afraksturinn af orkuauðlindinni. „Við gerum okkur vonir um að hægt verði að hefja framkvæmdir næsta sumar og að hún taki til starfa 2028,“ segir Ragnhildur.

Búrfellslundur stefnir í að verða fyrsta vindorkuver Landsvirkjunar og verður vonandi kominn í gagnid undir lok árs 2026, að sögn Ragnhildar. Á svæði austan við Sultartangastöð eru áform um að reisa allt að 30 vindmyllur. Ragnhildur segir að niðurstöður rannsókna sýni að hagkvæmt sé að reka vindorkuver á þessu svæði. Veðurfar hefur verið rannsakað í tvo áratugi og vindmælingar framkvæmdar.

Þá sé það mikill kostur að hægt verður að nýta þá innviði sem þegar eru til staðar, s.s. vegi og háspennulínur sem dragi úr umhverfisáhrifum verkefnisins.

## Endurhanna Búrfellslund

Uppsett afl Búrfellslundar er 120 MW. Upphaflega var up্পsett afl 200 MW. Lundurinn var endurhannaður í samræmi við athugasemdir og ábendingar og vindmyllum fækkað úr 67 í allt að 30. Þær verða að hámarki 150 metra háar. Ný útfærsla hefur í för með sér talsvert minni sýnileika frá ferðamannaleiðum og nærliggjandi ferðamannastöðum, að mati Landsvirkjunar.

Búrfellslundur er í orkunýtingarflokki rammaáætlunar. Vindorkuverið er alfarið innan sveitarfélagsins Rangárbæis ytra og unnið er að breytingum á aðal- og deiliskipulagi í samráði við sveitarfélagið. Landsvirkjun sótti um virkjunarleyfi til Orkustofnunar haustið 2022.

Norðan við Búrfell er hraunslétta sem kölluð er Hafid. Þar reisti Landsvirkjun tvær vindmyllur, þær fyrstu á landinu, í rannsóknarskyni. Þær voru gangsettar í febrúar 2013. Reksturinn hefur gengið vel og ljóst að staðsetningin er óvenju hagstæð fyrir raforkuvinnslu úr vindorku, segir á heimasíðu Landsvirkjunar.

„Á Íslandi er vindstyrkur mestur að vetri þegar lítið vatn rennur í miðlunarlon Landsvirkjunar. Þannig fer vinnsla raforku úr vindi og vatnsafla einkar vel saman,“ segir þar.

Loks nefndir Ragnhildur önnur áform í nýtingarflokki, sem ekki eru komin áleiðis. Það er Blöndulundur, 100 MW vindorkuver í nágrenni Blöndustöðvar eða um 25 vindmyllur í grennd við núverandi orkumannvirki. Þar hafa rannsóknir á vindauðlindinni og fuglalífi staðið yfir í nokkur ár. Loks eru það Blönduveitur, þrjár smærri virkjanir, samtals 31 MW, sem reistar yrðu á núverandi veituleið Blöndustöðvar og myndu þannig nýta núverandi innviði og lón betur. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um að ráðast í Blönduveitur.

„Áður en til þessa tveggja verkefna kemur, Blöndulundar og Blönduveitna, þarf að styrkja flutningskerfi raforku á svæðinu. Öll áform eru að sjálfsögðu með þeim fyrirvara að leyfisveitingar gangi eftir,“ segir Ragnhildur að lokum.

## Þurfa að skerða orku

Vatnsstaða Þórisvatns er með alversta móti. Landsvirkjun þurfti að grípa til þess ráðs að skerða orku til stórnotenda á suðvesturhluta landsins, Elkem, Norðuráls og Rio Tinto og fjarvarmaveitna. Skerðingarnar hefjast 19. janúar nk. og gert er ráð fyrir að þær geti staðið allt til 30. apríl. Þetta var tilkynnt 19. desember.

Almennt nemur skerðingin um 10% á mánuði, en það er þó misjafnt eftir samningum, m.a. eftir því hversu hratt fyrirtækin geta dregið úr orkunotkun.

Mánuði áður þurfti að grípa til takmörkunar á afhendingu víkjandi orku til fiskimjölsverksmiðja og fiskþurrkana, auk gagnavera sem stunda rafmyntagröft.

## „Orkan okkar er uppseld“

„Um þessar mundir er orkuvinnsluferfið okkar nýtt til hins ítrasta. Við náum þó að afhenda alla þá orku sem við höfum samið um, en við slíkar aðstæður koma hins vegar tímabil þar sem við náum ekki að afhenda öllum sem vilja alla þá orku sem óskað er eftir.“

Þetta sagði Gunnar Guðni Tómasson, framkvæmdastjóri Vatnsafls hjá Landsvirkjun, í grein sem hann birti á heimasíðu fyrirtækisins í október síðastliðnum.

„Slíkar skerðingar hafa átt sér stað undanfarin misseri og þær verða tíðari, nú þegar eftirspurn er með þeim hætti að í raun er hægt að tala um að orkan okkar sé uppseld. Viðskiptavinir okkar vita af skerðingarmöguleikum, enda er kveðið á um slíkt í samningum þeirra,“ bætti Gunnar Guðni við.





## Fyrirhuguð byggð á Gaddstaðaey við Helli



# Hús og hótél í miðri laxveiðía

## ● Háleitar hugmyndir hjá Helli

Höskuldur Daði Magnússon  
hdm@mbl.is

„Þetta er skemmtileg hugmynd en hún er enn bara á frumstigi,“ segir Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri í Rangárþingi ytra.

Sveitarstjórn hefur samþykkt að gerðar verði breytingar á landnotkun í aðalskipulagi vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar í Gaddstaðaeyju í Ytri-Rangá við Helli. Eyjan er í eigu hjónanna Ólafs Einarssonar og Steinunnar Birnu Svavarsdóttur sem kennd eru við fyrirtækið Þjótandi. Þau hafa hug á að íbúðabyggð fyrir allt að 12 einbýlishús rísi norðan til á eyjunni en sunnanmegin verði byggt hótél fyrir allt að 200 gesti auk útivistarsvæðis. Hótelinu fylgi afþreying á borð við baðlón.

Málið var tekið fyrir í skipulags- og umferðarnefnd sveitarfélagsins í liðinni viku og þar komu fram ýmsar athugasemdir. Jón sveitarstjóri segir að næsta skref eigenda sé að skoða umræddar athugasemdir og í kjölfarið að hefja vinnu við formlega skipulagstillögu.

### Geti haft alvarlegar afleiðingar

Ekki eru allir sáttir við þessi áform. Þannig sendu forsvarsmenn Veidifélags Ytri-Rangár inn athugasemdir til skipulags- og umferðarnefndar þar sem segir að fyrirhuguð uppbygging sé „algjört einsdæmi við ána og mögulega á landinu öllu.“ Er þar rakið að um eina fengsælustu laxveiðía landsins sé að ræða og hagsmunir veidiréttihafa séu því miklir. „Veidifélagið hefur verulegar áhyggjur af skipulagi og uppbyggingu í eyjunni og óttast að uppbygging þar geti haft í för með sér alvarlegar afleiðingar,“ segir í athugasemdinni.

Lýsa veiðimenn áhyggjum af

### Gaddstaðaey

- » Eigendur Gaddstaðaeyjar við Helli kynna áform um uppbyggingu
- » Vilja byggja brú yfir í eyjuna og reisa þar hótél fyrir 200 gesti og baðaðstöðu
- » Jafnframt verði íbúðabyggð norðanmegin með allt að 12 einbýlishúsum
- » Veiðimenn gera athugasemdir við áformin

aukinni umferð á svæðinu enda megi gera ráð fyrir um 400 manns í eyjunni þegar mest lætur. Hætta sé á að veiðistaðir við eyjuna verði ónýtanlegir. Þá eru þeir ósáttir við þann hraða sem þeir telja að einkenna eigi skipulagsferlið. Gert sé ráð fyrir að skipulagstillaga verði tilbúin í febrúar eða mars og ljóst sé að slíkur hraði leyfi lítið sem ekkert samráð eða raunverulega skoðun á áhrifum fyrirhugaðra breytinga. „Hér virðist því stefnan sett á einhverskonar Íslandsmet í skipulagsvinnu og afgreiðslu,“ segir í athugasemd. Þar er þess jafnframt getið að veiðifélagið áskilji sér allan rétt til að láta reyna á lögmeði málsmeðferðar þeirrar tillögu sem boðuð er með kærur til stjórnvalda eða fyrir dómstólum.

### Óþarfa áhyggjur af baðlóni

Jón sveitarstjóri segir við Morgunblaðið að fólk þurfi ekki að hafa áhyggjur af því að stórt baðlón verði útbúið í Gaddstaðaeyju. „Hugmyndin er nú bara að fólk geti baðað sig við hótelið. Þú kemur ekki fyrir stóru lóni í miðri laxveiðía.“





Tveir ættliðir Kirkjubæjarbænda leiða hér saman hesta sína. F.v. Ísabella frá Kirkjubæ, Hanna Rún Ingibergsdóttir, Ágúst Sigurðsson sem er nýr forstöðumaður Lands og skógar, Unnur Óskarsdóttir með Lilju Rún Hjörvarsdóttur, Hjörvar Ágústsson og Grund frá Kirkjubæ. Nú hafa Hjörvar og Hanna Rún tekið við keflinu í búskapnum, af Unni og Ágústi sem búsett eru á Hvolsvelli. Myndir / Aðsendar

## Land og skógur:

# Ný stofnun byggð á traustum grunni

– Stafræn aðalskrifstofa og átján starfsstöðvar vítt um land

Steinunn Ásmundsdóttir  
steinunn@bondi.is



Ný stofnun, Land og skógur, tók um áramót við hlutverki og skuldbindingum Landgræðslunnar og Skógræktarinnar og segir forstöðumaður verkefni fram undan ærin.

Matvælaráðherra skipaði í vetrarbyrjun Ágúst Sigurðsson forstöðumann Lands og skógar til fimm ára. „Áskoranir okkar nú fyrstu skrefin eru hreinlega að skipuleggja stofnunina, fag- og stoðsviðin og hin ótalmörgu verkefni sem við sinnum,“ segir hann. „Hvernig við vinnum þvert á svið og starfsstöðvar og hver gerir hvað. Þá eru ótal þættir sem þarf að samræma frá hinum eldri stofnunum og sem snúa m.a. að mannauðsmálum, fjármálum og bókhaldi, kerfum og stefnum.“

En okkar stærsta áskorun er auðvitað grunnstef og meginmarkmið starfseminnar sem er að ná framúrskarandi árangri í að bæta gróður- og jarðvegsauðlindir Íslands og stuðla að sjálfbærri nýtingu þeirra,“ segir hann.

### Glögg yfirsýn og gæði

Skógræktin og Landgræðslan áttu marga snertifleti en áherslur gátu verið ólíkar og jafnvel öndverðar.

„Við ætlum að taka með okkur allt það góða sem hinar eldri stofnanir hafa staðið fyrir og byggja á því en skilja eftir það sem við þurfum ekki að nota,“ segir Ágúst. „Ég er kannski ekki í aðstöðu til að fullyrða um það sem við ætlum að breyta í starfseminni en ég get hins vegar sagt fullum fetum hvað við ætlum að leggja áherslu á.“

Við ætlum að hafa glögga yfirsýn og byggja okkar starf á traustri þekkingu, vísindalegum grunni og því sem best hefur reynst í vinnubrögðum. Þá leggjum við mikið upp úr því að setja okkur mælanleg markmið í sem flestum þáttum til að máta okkur við og finna út hvernig okkur miðar. Þetta er mjög mikilvægt finnst mér.

Hinar eldri stofnanir bjuggu við það að vera eftirsóknarverðir vinnustaðir með gott orðspor og eiga í mjög árangursríku samstarfi innan lands sem utan og þeim styrkleika viljum við að sjálfsögðu halda og efla enn frekar. Þá er okkur afar mikilvægt að tryggja samhæfingu sviða og skilvirkni starfseminnar og sækja fram á sviði rannsókna, vöktunar og þróunar og þar liggur sterk áherslan án nokkurs vafa,“ segir Ágúst enn fremur.

### Nýtt skipulag með nýjum sviðum

Búið hefur verið til nýtt skipulag fyrir Land og skóg, með nýjum sviðum og endurskoðuðu vinnulagi þvert á svið og verkefni.

„Sum sviðanna eru sambærileg við skipulag hjá fyrri stofnunum en verkefni og starfsfólk flýst að nokkru marki til,“ segir Ágúst og heldur áfram:

„Fagsviðin verða fimm talsins og fyrir þeim fara sviðsstjórar sem þegar hafa verið skipaðir. Bryndís Marteinsdóttir stýrir sviði Sjálfbærrar landnýtingar og er staðsett í Keldnaholti, Hreinn Óskarsson er sviðsstjóri Þjóðskóga og lands og er með starfsstöð á Selfossi, Brynjar Skúlason er sviðsstjóri Rannsókna og þróunar með aðsetur á Akureyri, Hrefna Jóhannesdóttir stýrir sviði Ræktunar og nytja með aðsetur í Skagafirði og Gústav Asbjörnsson er sviðsstjóri Endurheimtar vistkerfa með aðsetur í Gunnarsholti.“

Þá séu skilgreind tvö ný stoðsvið sem gangi þvert á fagsviðin. „Annars vegar er það Gögn, miðlun og nýsköpun sem Gunnlaugur Guðjónsson stýrir og er staðsett á Egilsstöðum og hins vegar Fjármál og þjónustumiðstöð sem Elín Friða Sigurðardóttir fer fyrir og hefur sína skrifstofu í Gunnarsholti.“

Að sögn Ágústs mun fólk í upphafi í flestum tilfellum sinna sömu verkefnum og áður þó svo að skipulagið hafi breyst en þegar frá líður er reiknað með að einhverjar breytingar geti orðið.

### Allt ræktarland kortlagt

Meðal nýrra verkefna Lands og skógar er að kortleggja allt ræktarland á Íslandi sem henta



Gleðiríkur fjölskyldufundur með barnabörnum: Unnur heldur á Lilju Rún Hjörvarsdóttur og Ágúst á Leó Árnasyni. Fyrir aftan þau standa Arngrímur Ágúst og Patrekur Örn Elvarssynir.

þykir til matvælaframleiðslu. Er markmiðið að standa vörð um gott ræktunarland til að tryggja fæðuöryggi. Sveitarfélögum ber að taka mið af slíkri kortlagningu ræktarlands og hafa sem undirstöðu fyrir skipulagsgærd sveisarfélagana.

„Þetta er gríðarlega mikilvægt verkefni, tel ég, og nokkuð umfangsmikið,“ segir Ágúst og heldur áfram: „Það er líður í að hugsa til lengri framtíðar og ná betur utan um hvað hentar hvar og hvernig skynsamlegast væri að haga nýtingu á þeirri takmörkuðu auðlind sem landið er.“

Við erum þegar farin að huga að þessu og reiknum með að þetta verði unnið á næstu tveimur til þremur árum. Þetta er dæmigert verkefni sem verður unnið þvert á svið, og snertir líklega öll fagsviðin, auk þess sem teymi landupplýsinga á sviði Gagna, miðlunar og nýsköpunar mun leika lykilhlutverk í þessu. Síðan þarf auðvitað að viðhalda upplýsingunum áfram þó svo að grunnurinn verði unninn nokkuð þétt núna næstu árin.

Kortlagning ræktarlands er meginsteifið í þessu verkefni en það hlýtur að liggja á borðinu


að samhliða því er mikilvægt að ná yfirsýn á hvað hentar best til annarrar nýtingar, svo sem skógræktar. Við þurfum að horfa á heildarmyndina.“

### Sjálfbær landnýting

Fleiri landbúnaðartengd verkefni liggja á borði stofnunarinnar. „Annað nýtt verkefni sem við höfum þegar fengið í hendur frá ráðuneyti okkar er að undirbúa innleiðingu reglugerðar um sjálfbæra landnýtingu,“ segir Ágúst og útskýrir að það hafi lengi staðið fyrir dyrum að sú reglugerð tæki gildi og nú sé endurskoðuð tillaga að henni á leið í samráðsgátt og reiknað með að hún taki gildi fljótlega. Samkvæmt endurskoðuðri tillögu sé Landi og skógi ætlað mjög stórt hlutverk við innleiðingu og framkvæmd reglugerðarinnar og undirbúningur þess hafinn.

„Reglugerð um sjálfbæra landnýtingu snertir landbúnaðinn á marga hátt og með beinum hætti og það er mjög mikilvægt að vel takist til við innleiðingu hennar. Kynning og samtal um þessi mál er fyrsta skrefið og ég reikna með að slík vinna hefjist þegar í stað.“





Ný stofnun byggð á traustum grunni



Stóðhryssur í Kirkjubæ á Rangárvöllum, bæjarhús og Hekla í baksýn. Ágúst er mikill áttthagamaður og hefur yndi af ríkulegum sagnaarfi Rangárvalla.

Reglugerðin er víðtæk og setur viðmið vegna beitarnýtingar, akuryrkju, framkvæmda og umferðar fólks og ökutækja,“ segir Ágúst enn fremur. Að hans sögn eru að auki mörg stór og mikilvæg verkefni sem snerta landbúnað með ýmsum hætti og haldið verði áfram að sinna. Þar megi nefna öll loftslags- og vöktunarverkefni, kolefnismál, vernd og endurheimt vistkerfa, þ.m.t. votlendis og birkiskóga, hringrás næringarefna, verkefnið Bændur græða landið, skógrækt á lögbýlum, verkefni Landbótasjóðs, varnir gegn landbroti o.fl.

„Síðan er auðvitað samstarfsverkefnið Loftslagsvænn landbúnaður sem við tökum þátt í með RML og mörg fræðsluverkefni í víðtæku samstarfi við marga aðila, t.d. Grænni skógar í samstarfi við BÍ og félög skógarbenda undir hatti Endurmenntunar græna geirans á Reykjum,“ hnýtir hann við.

#### Stafrænar höfuðstöðvar

Starfsstöðvar Lands og skógar eru átján talsins og staðsettar vítt og breitt um landið.

Ekki var talin knýjandi þörf á að skilgreina sérstakar höfuðstöðvar og því eru höfuðstöðvar Lands og skógar stafrænar. Ágúst segir ástæður þess aðallega vera hina breyttu tíma og tækni; annað samskiptaform en áður var.

„Í okkar starfi förum við hins vegar mikið út til fólks og verkefna og því skiptir miklu máli að starfsstöðvar okkar séu á heppilegum stöðum úti um landið á hverjum tíma í nálægð við hin staðbundnu verkefni, samstarfsaðila og skjólstæðinga. Við viljum mjög gjarnan fá gesti á okkar starfsstöðvar og tökum fagnandi á móti þeim,“ segir hann.

Við upphaf starfseminnar vinna tæplega 140 manns hjá Landi og skógi, um allt land. Flest starfsfólk er þó í Gunnarsholti, Keldnaholti, á Mógilsá, Egilsstöðum og Selfossi. Mikilvægar starfsstöðvar eru í Hallormsstað, Ásbyrgi, Hvammi í Skorradal, Þjórsárdal og Haukadal og á Akureyri, Vöglum, Silfrastöðum, Saudárkróki, Ísafirði, Brún í Víðidal, Hvanneyri og Tumastöðum.

„Svo má segja að 19. starfsstöðin okkar sé í Þórsörk en þar er fjórleg starfsemi frá vori til hausts ár hvert og byggir mikið á þátttöku sjálfbodaliða auk sumarstarfsfólks. En síðan bætist mikið við hópinn yfir sumartímamann við verkefni er lúta að skógum og landgræðslulöndum, rannsóknastörfum, vöktun o.fl. Þar er oft um að ræða skólafólk og erlenda sjálfbodaliða en margt af okkar núverandi starfsfólki kom einmitt fyrst til okkar sem sumarstarfsfólk í skólaleyfum frá t.d. háskólanámi,“ bætir Ágúst við.

#### Ættliðaskipti á Kirkjubæ

Ágúst er kvæntur Unni Óskarsdóttur leikskólakennara og búa þau á Hvolsvelli. Hún er Fljótshlíðingur og Landeyingur að ætt og uppruna en alin upp á Hvolsvelli. „Við erum búin að vera saman í hartnær 40 ár,“ segir Ágúst en sjálfur er hann að hálfu Fljótshlíðingur og að hálfu Eyfellingur en hefur alla tíð átt sína heimahöfn á Kirkjubæ á Rangárvöllum. Fyrst með foreldrum sínum og systkinum, frá 1967, en frá 1992 þau Unnur með fjölskyldunni og nú standa yfir ættliðaskipti og þriðji ættliður fjölskyldu Ágúst tekinn við búsföræðum að Kirkjubæ.

Börnin eru fjögur; Elvar og Hjörvar uppkomnir og Assa og Dagur háskólanemar.

Kirkjubæ mun vera eitt fyrsta íslenska sveitabýlið sem byggði á hrossarækt og hestamennsku. „Foreldrar mínir byggðu afkomu

„ Okkar stærsta áskorun er auðvitað grunnstef og meginmarkmið starfseminnar sem er að ná framúrskarandi árangri í að bæta gróður- og jarðvegsauðlindir Íslands og stuðla að sjálfbærri nýtingu þeirra ...“

sína á hrossarækt og sama má segja um þá sem áttu og ráku búið á undan þeim,“ útskýrir Ágúst. „Við Unnur höfum hins vegar alltaf verið í fullu starfi við annað meðfram búsyslunni en nýja kynslóðin sem nú hefur tekið við rekstrinum hefur sína afkomu alfarið af hrossum og hestatengdri þjónustu.“

Hrossaræktin í Kirkjubæ var á sínum tíma þekkt fyrir einkennislitinn rauðblesótt og glófext en í seinni tíð hefur litafjölbreytnin orðið meiri. Ágúst tekur þó fram að þess sé gætt að halda þessu við.

Hann hefur átt hesta frá barnæsku en nú ber svo við að hann á engan hest sjálfur. Það kemur þó ekki í veg fyrir að hann bregði sér á bak Kirkjubæjarhestunum.

„Það er reyndar þannig að forystufólk skógræktar og landgræðslu í gegnum tíðina hefur í mörgum tilfellum verið hestafólk og jafnvel í forystu fyrir landsmenn í þeim efnun. Þar má nefna Einar G. E. Sæmundsen, skógarvörð og formann Skógræktarfélag Íslands, Hauk Ragnarsson, forstöðumann á Mógilsá, Svein Runólfsson landgræðslustjóra og Jón Loftsson skógræktarstjóra. Þannig að í ljósi sögunnar virðist alveg fullkomlega eðlilegt að forstjóri Lands og skógar sé líka hestamaður þótt það sé kannski ekki nauðsynlegt,“ segir hann kankvís.

#### Svæði þrungin sögu

Ágúst hefur mikinn áhuga á sögu og menningu Íslands. „Það hefur haft mikil áhrif á mig að búa á Kirkjubæ og hafa söguviðið fyrir augunum umkringgt Heklu, Tindfjöllum,

Þríhyrningi, Mýrdalsjökli, Eyjafjallajökli og Vestmannaeyjum, svo eitthvað sé nefnt,“ segir hann og gefur eftirfarandi innsýn í söguna:

„Vellirnir milli Rangánna tveggja eiga sér merka búsetusögu en fyrstur mun hafa numið þar land, skömmu fyrir árið 900, Ketill hængur frá Naumdælafylki í Noregi.

Hann settist að á Stóra-Hofi á Rangárvöllum og nam stór lönd um allt Rangárþing en virðist síðan fljótlega hafa deilt hér skikum milli ættingja sinna og vina.

Rökfastir fræðimenn telja enga ástæðu til að draga í efa að bæjarnafnið Kirkjubæ á Rangárvöllum sé miklu eldra en trúskiptin árið 1000. Þeir hafa reyndar gengið svo langt að fullyrða að Ketill hængur hafi eftirlátið þennan skika úr landnáminu kristnum mönnum sem líkast til komu frá Bretlandseyjum,“ upplýsir Ágúst. Þetta sé a.m.k. skemmtileg kenning en elsti máldagi fyrrum kirkju í Kirkjubæ er frá 1367 og þegar grafið var fyrir gamla íbúðarhúsinu í Kirkjubæ fyrir tæpri öld síðan komu menn niður á fornan grafreit.

„Ég hugsa oft til þess að það eru svo sem ekkert margir ættliðir síðan að hér voru helstu nágrannarnir t.d. Hrafn Hængsson á Stóra-Hofi, Gunnar Baugsson í Gunnarsholti, Sæmundur fróði í Odda, Ingjaldur á Keldum og Stórolfur Hængsson á Hváli, þar sem nú stendur Hvolsvöllur,“ heldur Ágúst áfram.

„Það er heldur ekkert svo langt síðan að hinn konungsborni leiðtogi Jón Loftsson í Odda fór hér reglulega á hesti um túngarðinn í Kirkjubæ, kirkjuveginn upp að Keldum, og hafði örugglega oft með sér fósturson sinn, Snorra Sturluson.

#### Sæmundarstofa rísi í Odda

Merkasti sögustaður okkar hér og vagma menningar á landsvísi er Oddi á Rangárvöllum og hugsjón okkar margra og ætlunarverk er að þar muni rísa Sæmundarstofa á næstu árum og við náum að „Vekja úr mold hina sögustóru fold“ líkt og fyrrum sóknarprestur okkar Rangvellinga, Matthías Jochumsson, orðaði það.“

Ágúst tekur hinu nýja verkefni sem forstöðumaður Lands og skógar fagnandi.

„Ég er svo heppinn að mér hefur ávallt þótt gaman í vinnunni og þá góðu reynslu er ég staðráðinn í að taka með mér í þetta nýja og spennandi starf fyrir Land og skóg,“ segir hann að lokum. Vefsíða Lands og skógar er www.landogskogur.is.



Frá fjölmennri stofngöngu Ferðafélags Rangæinga á Stóru-Dímon með 250 félögum. Magnús Hlynur Hreiðarsson tekur viðtal við Ágúst Sigurðsson, forseta og upphafsmanns FFRang



### HVER ER MAÐURINN?

Ágúst Sigurðsson lauk doktorsprófi í erfðafræði magnbundinna eiginleika frá Sænska landbúnaðarháskólanum í Uppsöllum (SLU) árið 1996 og hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í doktorsnámi frá Konunglegu sænsku akademíunni í skógrækt og landbúnaði. Áður hafði hann útskrifast sem búfræðingur frá Bændaskólanum að Hvanneyri árið 1983, lokið raungreinadeildarprófi frá Tækniskóla Íslands árið 1986 og aflað sér B.Sc. gráðu frá búvísindadeild Hvanneyrar árið 1989.

Hann starfaði við rannsóknir hjá SLU og sem landsráðsnauttur í búfjárfrafræði og hrossarækt hjá Bændasamtökum Íslands frá árinu 1996 til 2004. Þá tók hann við stöðu rektors Landbúnaðarháskóla Íslands fram til ársins 2014 og stýrði m.a. sameiningu Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Garðyrkjustólans ríkisins. Hann var sveitarstjóri Rangárþings ytra árin 2014–2022.

Ágúst hefur verið leiðandi á sviði hrossaræktar og hestamennsku hér á landi og starfað sem kynbótadómari og fyrirlesari í aðildarlöndum Alþjóðasamtaka eigenda íslenskra hesta. Þá hefur hann stýrt ýmsum umfangsmiklum rannsóknaverkefnum, m.a. varðandi þróun kynbótamats og ræktun íslenskra búfjárstofna.

Sem rektor Lbhí beitti hann sér m.a. fyrir þróun háskólanáms í skógræði og landgræðslu og stofnun Landgræðsluskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna sem nú starfar undir hatti UNESCO (GRÓ-Lrt).

Ágúst hefur setið í stjórnun, ráðum, nefndum og hópum tengdum m.a. landbúnaði, landgræðslu, hrossarækt og málefnum sveitarstjórna, skipulags og háskóla. Hann hefur leiðbeint nemendum í BS-, MS- og doktorsnámi við Lbhí og SLU og verið prófódómari og andmælandi við doktorsvarnir. Hann hefur ritað fjölda vísindagreina í alþjóðleg ritrýnd vísinda- og ráðstefnurit ásamt greinum í fagtimarit og blöð.

## LAND OG SKÓGUR



• Land og skógur er þekkingarstofnun á sviði gróður- og jarðvegsauðlinda og gegnir mikilvægu rannsókn-, eftirlits- og fræðsluhlutverki við að vernda, endurheimta og bæta þessar auðlindir Íslands og stuðla að sjálfbærri nýtingu þeirra.

• Meginmarkmið stofnunarinnar eru að bæta gróður- og jarðvegsauðlindir þjóðarinnar, nýta land af sjálfbærni, vakta og hafa yfirsýn, draga úr losun og stuðla að bindingu kolefnis og virkja og fræða almenning og hagsmunaaðila um gróður- og jarðvegsvernd, sjálfbæra nýtingu lands, uppbyggingu og endurheimt vistkerfa, skóga og skógrækt.

• Starfsemin byggist á margvíslegu innlendu og alþjóðlegu samstarfi við rannsóknastofnanir og háskóla og hefur víðtæk tengsl við ýmsar stefnur, áætlanir og alþjóðlegar skuldbindingar þjóðarinnar.

• Stofnunin starfar í samræmi við hina opinberu stefnu og framtíðarsýn í landgræðslu og skógrækt: Land og líf, landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt. Stofnunin rekur starfsstöðvar vítt og breitt um landið og hefur umsjón með þjóðskógum, löndum og landgræðsluvæðum.

• Land og skógur heyrir undir matvælaráðuneytið. Stofnunin veitir ráðherra aðstoð og ráðgjöf og sinnir öðrum verkefnum sem stofnuninni eru falin með lögum, reglugerðum eða ákvörðun ráðherra.

• Gildi Lands og skógar eru: Þekking – Samvinna – Traust.

• Merki Lands og skógar er hannað af Fífu Jónsdóttur, sérfræðingi í vísindamiðlun hjá Landi og skógi. Það hefur margvíslegar skírskotningar í starfseminna: gróður, jarðveg, tré, skóg, votlendi, loftslag, náttúru- og skógarstíga og leiðir sem valdar eru í starfseminni.



Morgunblaðið, 19.01.2024, síðu 4.  
grein stærð: 248.97 sm<sup>2</sup>  
grein hæð: 12.06 sm



# Segja að misskilnings gæti

● Landsvirkjun bregst við mótmælum Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna Búrfellslundar ● Vindorkuverið verður innan sveitarfélagsmarka Rangárþingis ytra

Ólafur E. Jóhannsson  
oej@mbl.is

„Einhvers misskilnings virðist gæta hjá nágrennasveitarfélagi um staðsetningu vindorkuversins. Fyrirhugaður Búrfellslundur er alfarið innan sveitarfélagsmarka Rangárþingis ytra og hefur verið það frá því að skýrsla um endurhönnun virkjunarkostsins var lögð fram árið 2020. Það er sú endurhönnun virkjunarkostsins sem Alþingi færði úr biðflokki í nýtingarflokk, en ekki eldri útgáfa,“ segir í yfirlýsingu frá Landsvirkjun í gær.

Landsvirkjun greindi frá því á miðvikudag að ákveðið hefði verið að auglýsa útboð á vindmyllum fyrir vindorkuver við Vaðöldu sem ber vinnuheimtið Búrfellslundur. Vindmyllurnar eru boðnar út með fyrirvara um leyfis- og skipulagsmál sem unnin eru samhliða.

Tílefni viðbragða Landsvirkjunar



Tölvumynd/Landsvirkjun

**Búrfellslundur Svona mun Búrfellslundur líta út, gangi áformin eftir.**

eru mótmæli Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna vinnubragða fyrirtækisins sem áformar útboð á vindmyllum



fyrir Búrfellslundur. Kvartar sveitarstjórnin yfir því að fyrirtækið sé að reyna að „fara í kringum lög og vinna

gegn hagsmunum nærsamfélagsins,“ eins og segir í tilkynningu frá sveitarfélaginu.

Fram kemur í yfirlýsingu Landsvirkjunar að það að hefja útboð með fyrirvara um leyfis- og skipulagsmál sé óhefðbundið ferli en stjórn fyrirtækisins telji þó rétt að fara þá leið til að auka líkur á því að vindmyllurnar verði farnar að skila orku inn á raforkukerfið fyrir árslok 2026. Ástæðan sé að útboðsferli séu löng og afhendingartími búnaðar enn lengri. Landsvirkjun segist ekki vera skuldbundin til að taka neinu því því tilboði sem berast kunni, væru leyfi og samningar ekki í höfn þegar þar að kæmi.

Þar segir að enginn þurfi að velkjast í vafa um hvar Búrfellslundur verði enda hafi vinna við aðalskipulagsbreytingu og gerð deiliskipulags fyrir svæðið staðið yfir frá desember 2022 með því sveitarfélagi sem hefur skipulagsvald á svæðinu, sem er Rangárþing ytra.





# Almannavarnir sveitarfélaganna í ólestri

Mikill meirihluti sveitarfélaga hefur ekki framkvæmt eða skilað greiningu á áhættu og áfallapoli til Almannavarna. Meðal þeirra eru Grindavík og Suðurnesjabær á Reykjaneskaga og fjölmenn sveitarfélög eins og Kópavogsbær. Þær greiningar sem hafa verið gerðar mála upp mynd af víðtækum vanbúnaði og vangetu til að kljást við áföll, á tímum nýrra áskorana eins og Reykjaneselda.



Jón Ferðinand Estherarson  
jonferdinand@heimildin.is

Reykjaneseldar geisa nú siendurtekið og svartar sviðsmyndir eru annaðhvort orðnar að veruleika eða á sjóndeildarhringnum. Eldgos við Grindavík, þar sem hraun rann yfir bæ, djúpar sprungur mynduðust og bærinn var rýmdur vegna jarðhræringa, varð að veruleika og enn sér ekki fyrir endann á neyð þeirra sem þar lögðu á flotta, né hverjar langtímaáætlanir yfirvalda eru. Eldgosid sem hófst þann 8. febrúar er annað dæmi um slíkt, þar sem heitavatnslögnin sem sá gervöllum Suðurnesjum fyrir hita fór í sundur. Varalögn var komið í gang í flyti

en gaf sig stuttu síðar. Lukkulega tókst að smíða enn aðra slíka lögn sem virðist virka, enn sem komið er. Heimildin fjallaði um það fyrr í mánuðinum hvernig stjórnvöld voru vörud við nákvæmlega þessum innviðahörmungum og hvött til að bregðast við með ýmsum tillögum í nóvember síðastliðnum en gerðu það annaðhvort seint eða ekki. Eðlilega er mörgum því spurn um þessar mundir hverjar viðbragðsáætlanir séu almennt og hvernig viðbúnaði yfirvalda gagnvart ægivaldi náttúrunnar sé háttað.

## Fæst sveitarfélög hafa framkvæmt áhættumat

Á vefsíðu Almannavarna er hægt að nálgast niðurstöður frá eftirliti stofnunarinnar með stöðu almannavarnastarfs í sveitarfélögunum. Eftirlitið er liður í stefnu stjórnvalda um samræmda greiningu og stöðumat á almannavarna- og öryggismálum frá árinu 2021, sem ljúka átti í lok árs 2023. Sveitarfélög voru beðin um að framkvæma og

skila greiningu til Almannavarna um áhættumat og áfallapól. Í skýrslu Þjóðaröryggisráðs frá 2022 um mat á ástandi og horfum í Þjóðaröryggismálum er lögð sérstök áhersla á mikilvægi áfallapóls. Styrking þess sé lykilatriði til að hægt sé að „ tryggja samfellda starfsemi stjórnvalda auk samhæfðra almannavarnaviðbragða“. Þar eru ráðuneyti, stofnanir og sveitarfélög sögð hafa „ríkar skyldur samkvæmt almannavarnalögum til þess að kanna áfallapól þess hluta íslensks samfélags sem fellur undir starfssvið þeirra“, sem og að þeim ber að skipuleggja fyrirhuguð viðbrögð og aðgerðir samkvæmt viðbragðsáætlun.

Það fyrsta sem blasir hins vegar við þegar niðurstöðurnar eru skoðaðar er að aðeins 37 prósent sveitarfélaga á Íslandi hafa framkvæmt og skilað Almannavörnum greiningu á áhættu og áfallapoli vegna síns sveitarfélags, eða alls 28 af 75 sveitarfélögum. Heildarfjöldi sveitarfélaga hefur fækkað síðan þá og eru þau nú 64 talsins.



37,3%

Hlutfall sveitarfélaga sem hefur framkvæmt greiningu á áhættu og áfallapoli



Meðal þeirra sveitarfélaga sem hafa annaðhvort ekki framkvæmt slíka greiningu eða ekki skilað henni inn til Almannavarna eru Grindavíkurbær, Suðurnesjabær sem og Kópavogsbær. Skil á slíkri greiningu

hafa ekki heldur borist frá gervöllu Austurlandi, ásamt stórum hluta Suðurlands, Vestfjarða, Norðurlands vestra og Vesturlands. Þau sveitarfélög sem hafa framkvæmt slíka greiningu og skilað henni til Almannavarna gerðu það öll árið 2022. Reykjavíkurborg var síðast til þess í október 2022.

Með öðrum orðum hefur ríflegur meirihluti sveitarfélaga annaðhvort ekki framkvæmt greiningu á áhættu og áfallapoli sínu eða ekki skilað slíkri greiningu inn til Almannavarna, stofnunar sem sinnir yfirumsjón með öllu almannavarnastarfi á Íslandi. Þau hafa þó öll haft til þess um tvö ár. Reykjaneseldar hafa á sama tíma vaknað af drjúgum blundi eftir árhundruð og staðið yfir síðan í mars 2021. Rýma hefur þurft Grindavík og mikil óvissa er enn um framtíð bæjarins. Þá þurftu helstu ból og býli á Suðurnesjum að þola heitavatnsskort dögum saman vegna gossins í febrúar. Enginn getur spáð fyrir um með neinni vissu hvar eldarnir gætu komið



Heimildin, 23.02.2024, síðu 13.  
grein stærð: 1001.95 sm<sup>2</sup>  
grein hæð: 37.53 sm



Seyðisfjörður  
aurskriða árið 2020

upp næst sem og á næstu árum, en miklar áhyggjur meðal sérfræðinga ber að gæta vegna hitaveitunnar í Svartsengi sem situr í miðju þessa virka svæðis. Svo ekki sé minnst á hefðbundnar hættur íslenskrar náttúru.

### Náttúruvá er margs konar og gætir víða

Eldgosahætta er víða um landið og hefur ávallt verið. Kötlugos hafa átt sér stað með um 50 ára millibili frá landnámi til ársins 1918, en nú eru liðin 100 ár frá því síðasta. Jarðhræringar hafa farið vaxandi í eldfjallinu, sem liggur undir Mýrdalsjökli, frá árinu 1999 og tíminn til að bregðast við gosi er afar takmarkaður. Í viðbragðsáætlun Almanna- varna vegna Kötlugoss er íbúum sagt að þeir hafi ekki nema 30 mínútur til að forða sér komi til slíks hamfaragoss. Sveitarfélögin sem liggja undir mestri hættu vegna slíks goss, Skaftárhreppur, Rangárþinginn tvö og Mýrdalshreppur, hafa ekki skilað greiningu til Almanna- varna. Eldfjöll Heklu, Grímsvatna og Eyjafjallajökuls má líka finna á sama landsvæði.

Snjóflóðahætta er töluverð á mörgum landsvæðum, einna helst á Vestfjörðum og Norðurlandi. Mannskæð snjóflóð hafa átt sér stað á Súðavík og Flateyri árið 1995 og endurtekin minni snjóflóð síðan víða um Vestfirði sem og annars staðar á landinu. Flateyri, sem er innan sveitarfélags Ísafjarðarbæjar, hefur skilað inn greiningu til Almanna- varna. Það er þó athyglisvert að Súðavíkurhreppur hefur ekki skilað umræddri greiningu.

Aurskriður eru líka önnur náttúruvá. Sem frægt er orðið varð stærsta aurskriða á þéttbýli á Íslandi árið 2020 á Seyðisfirði og mikil

## Þetta er eitthvað sem hefur bara ekkert komið hingað inn á borð frá Almanna- vörnum

Grétar Sveinn Theodórsson, samskiptastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga

mildi að engin dauðsföll urðu vegna hennar, aðeins miklar skemmdir á eignum og húsum. Sveitarfélagið Múlaþing, þar sem Seyðisfjörður er staðsettur, hefur ekki skilað inn greiningu til Almanna- varna heldur.

Það er svo ljóst að hætta vegna snjóflóða og aurskriðna fer vaxandi, bæði að tíðni og magni, í ljósi hnattrænnar hlýnunar. Einnig verða ýmsar aðrar áskoranir brátt að veruleika vegna loftslagsbreytinga svo sem aukinn veðurofsi og hlýnun sjávar. Á sama tíma eru mörg eldkerfa Íslands, eins og Hekla eða Katla, annaðhvort að rumska eða gætu gert það hvenær sem er með litlum fyrirvara. Það hefði því mátt halda að öll sveitarfélög á landinu hefðu greiningu á áfallaþoli sínu gagnvart slíkum ógnum og hættum á reidum höndum nú þegar. Hvað þá þegar að formlega er beðið um slíka greiningu af yfirvöldum og Almanna- vörnum. Raunin virðist ekki vera sú.

### Geta ekki viðhaldið lágmarks- þjónustu í hamförum

Eitt er skortur á greiningum og skilum þeirra, en annað er svo hvað þær greiningar sem skilað hefur verið sýna. Þegar nánar er að gáð má greina ýmsar varhugaverðar staðreyndir úr þeim. Af þeim greiningum sem 37 prósent sveitarfélaga framkvæmdu og skiluðu hafa aðeins 7 prósent verið staðfestar af sveitarstjórnnum, 60 prósent hafa ekki staðfest greiningar sínar og 32 prósent svöruðu könnun Almanna- varna: „Ekki viss.“ Þá virðist ekkert sveitarfélöganna sem skiluðu greiningum hafa staðfest framkvæmdaáætlun vegna eftirfylgni í kjölfar greiningarinnar sem þau þó skiluðu inn; 73 prósent segja „nei“ og um 27 prósent segja „ekki viss“.

Greiningar sveitarfélöganna eru líka flestar töluvert gamlar. Alls eru 50 prósent þeirra greininga sem hefur verið skilað frá árinu 2016 eða fyrr. Engin er nýrri en frá árinu 2021 (aðeins 7 prósent greininganna eru frá því ári) og rúm 32 prósent segjast ekki vera viss hvenær greining þeirra var framkvæmd. Það má vel vera að greiningar þessar séu margar hverjar greinargóðar og ítarlegar og ekki sjálfsagt mál að þær séu endilega úreltar.

Reykjaneseldar eru þó væntanlega það stór og mikil óheillabróun að velta má því upp hvort greiningar á áfallaþoli þyrftu ekki að taka mið af þeirri nýlegu atburðarás. Þá vekur sérstaklega athygli að sveitarfélög eins og Grindavíkurbær, sem mikið hefur dunið á síðustu mánuði, hafi annaðhvort ekki framkvæmt eða skilað slíkri greiningu árum saman, ef marka má niðurstöður eftirlits Almanna- varna.

Frekari staðreyndir úr þessum greiningum eru þess verðar að útlísta nánar. Rúm 71 prósent þeirra greininga sem var skilað inn segjast aðeins hafa skoðað lágmarkskröfur um almanna- varnir að hluta til. Um 75 prósent þessara sveitarfélaga segjast svo aðeins geta að hluta til viðhaldið lágmarks þjónustu ef „óæskilegir atburðir verða“. Þau sveitarfélög sem segjast hafa að fullu leyti skoðað lágmarkskröfur og geta viðhaldið lágmarksþjónustu eru fyrst og fremst sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins og á Reykjanes- skaga. Þau virðast þannig vera þau einu sem hafa burði til að uppfylla lágmarkskröfur og skyldur sínar, ef til hamfara kæmi.

### Nánast enginn býr yfir neyðar- viðbúnaði vegna eldsneytis


Alls eru 85 prósent þeirra sveitarfélaga sem skiluðu Almanna- vörnum greiningu með tilbúna viðbragðsáætlunir. Þó hefur ekki nema tæpur helmingur þeirra útbúið markmið er varðar það að tryggja öryggi borgara sinna og viðbúnað og sömuleiðis aðeins helmingur þeirra sem segist hafa unnið framkvæmdaáætlun um eftirfylgni með þeim markmiðum. Rímur meirihluti sveitarfélöganna segist vanta „einhver kerfi eða þjónustu“ til að öðlast yfirsýn og getu til að miðla henni áfram, en aðeins 14 prósent segjast ekki þurfa á neinu slíku að halda.

Sértilgreindur þáttur í niðurstöðum þessa eftirlits Almanna- varna er eldsneyti. Svörin þar eru afgerandi. Aðeins 10 prósent sveitarfélöganna segjast búa yfir eigin birgðastöð fyrir eldsneyti, restin býr ekki yfir slíku og rúm 96 prósent þeirra segjast ekki hafa komið á fót öðrum neyðar- viðbúnaði til dreifingar eldsneytis, restin segist ekki vera viss. Í báðum tilvikum svöruðu sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins „nei“, að Kópavogsbæ undanskildum sem eins og áður sagði hefur ekki skilað inn slíkri greiningu.

### Samband íslenskra sveitarfélaga ekki með

Einnig má sjá að framkvæmd og skil á greiningum virðast ekki snúast um

## ■ Mikilvægum samstarfsvettvangi sleppt við skipulag verkefnisins



stærð sveitarfélaga eða íbúafjölda, þar sem fámenn sveitarfélög til jafns við þau fjölmennustu hafa skilað slíkum greiningum. Skeiða- og Gnúpverjahreppur, með sína 577 íbúa, ásamt nágrönnum sínum í Grímsnes- og Grafningshreppi með sína 535 íbúa skiluðu inn greiningum, en langtum fjölmennari sveitarfélög eins og Grindavíkurbær, Suðurnesjabær, Ölfus og Kópavogsbær gerðu það ekki.

Heimildin leitaði upplýsinga og svara frá Almanna- vörnum og Sambandi íslenskra sveitarfélaga með ítarlegum spurningum þess efnis sem sendar voru á báðar stofnanir. Meðal annars var leitað svara við því hvers vegna svona mörg sveitarfélög hafi ekki enn skilað inn greiningum og hvort niðurstöður þeirra greininga sem skilað var séu áhyggjuefni í ljósi þess sem virðist vera mikill vanbúnaður og vangeta til að bregðast við áföllum að fullu leyti. Ekki bást svör við þessum fyrirspurnum frá Almanna- vörnum þrátt fyrir ítrekanir. Samskiptastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, Grétar Sveinn Theodórsson, sagði að sambandið hefði „ekki haft aðkomu að þessu tiltekna verkefni en [við] erum alltaf til í samtalið og samvinnu með Almanna- vörnum og ríkinu“. Með öðrum orðum, þá var SÍS ekki haft með í ráðum við framkvæmd og skipulagningu þessa verkefnis. Það hafi þó ekki stafað af áhugaleysi sambandsins, segir Grétar. „Þetta er eitthvað sem hefur bara ekkert komið hingað inn á borð frá Almanna- vörnum.“ SÍS sé allt af vilja gert til þess enda verði hamfarir og áföll meðal helstu áhersla á landsþingi sambandsins í mars. „Þannig að þetta er eitthvað sem við erum að byrja að skoða okkar megin og byrja að ræða.“

Í matsgerð þjóðaröryggisráðs er lögð mikil áhersla á mikilvægi þess að greina og styrkja áfallaþol, meðal annars „til að tryggja samfellda starfsemi stjórnvalda auk samhæfðra almanna- varnaviðbragða“. Þá hafi ráðuneyti, stofnanir og sveitarfélög í samvinnu við ríkislögreglustjóra „ríkar skyldur samkvæmt almanna- varnalögum til þess að kanna áfallaþol þess hluta íslensks samfélags sem fellur undir starfssvið þeirra“. Það vekur því furðu að helsti samráðs- og samvinnuvettvangur sveitarfélaga á Íslandi, SÍS, hafi ekki verið með í ráðagerðum. Það gefur auga leið að skynsamlegt hefði verið að slíkur vettvangur sæi um að fylgja þessu verkefni eftir og hefði yfir-

umsjón með framkvæmd og skilum slíkra greininga, í ljósi þess hversu mörg sveitarfélög hafa ekki skilað henni inn, enn sem komið er.

### Ekki spurning um fámenni sveitarfélaga

Í kjölfar þessara upplýsinga hafði Heimildin samband við þónokkrar sveitarstjórnir sem hafa ekki skilað inn greiningum til að athuga hver staðan væri og ástæður þess að þetta verkefni hefur tafist svo lengi. Sérstaklega frá sveitarfélögum sem búa almennt að mikilli náttúruvá og þar sem öll sveitarfélögin sem skiluðu greiningu voru búin að því árið 2022.

Magnús Sveinsson, bæjarstjóri Suðurnesjabæjar, svaraði fyrirspurn Heimildarinnar og útskýrði að Suðurnesjabær, í slagtogi við Reykjanesbæ og Sveitarfélag Voga, hafi byrjað sameiginlega vinnu við greiningu sína á árinu 2022. Verkefninu hafi þó miðað hægt, meðal annars vegna anna sökum náttúruvá á Reykjanesi og vendingar í lok árs 2023 vegna rýmingar Grindavíkurbæjar hafi gert það að verkum að verkefnið sé enn í vinnslu. Þessi sveitarfélög hafi þá fengið úthlutað starfsmanni til eins árs frá Almanna- varnadeild Ríkislögreglustjóra til að ljúka verkefninu og stefni á að ljúka því á næstu vikum eða mánuðum. Magnús segir þá að niðurstöður Almanna- varna á vefsíðu þeirra sýni ekki alla myndina. Bæði Reykjanesbær og Vogar hafi svarað könnuninni, í maí og apríl árið 2022 samkvæmt niðurstöðum Almanna- varna, ólíkt Suðurnesjabæ sem hafi ekki gert það. Greiningunni sé þó ekki enn lokið og Almanna- varnir hafi verið upplýstar um stöðu mála hjá sveitarfélögunum þremur. Af svörum Magnúsar má þá flema að mögulega séu langtum fleiri greiningar ókláraðar, þó svo að niðurstöður Almanna- varna sýni annað. 60 prósent svarenda segjast einmitt ekki hafa staðfest greiningar sínar eins og áður sagði og 32 prósent segjast ekki vera viss.

Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra, svaraði einnig og sagði málið vera í biðstöðu vegna „umræðu innan almanna- varnanefnda um hugmyndafræðina sem unnið var eftir“ og framboðum námskeiða vegna vinnunnar. Hann áminnti jafnframt að meðal sveitarfélaga Suðurlands væru til staðar margar viðbragðsáætlanir og að sveitarfélag hans hafi unnið að því að „auka áfallaþol þess á undanföllum árum“.

Önnur sveitarfélög svöruðu ekki fyrirspurnum Heimildarinnar, né heldur forsætisráðuneytið, en ráðherra þess gegnir formannssæti í Þjóðaröryggisráði og er því ábyrg fyrir stefnumótuninni sem um ræðir.

Af niðurstöðum þessara greininga má sjá að viðbúnaðargeta margra sveitarfélaga virðist vera af skornum skammti. Einnig er skortur á annaðhvort framkvæmd eða skilum greininga mikils meirihluta sveitarfélaga sjálfstætt vandamál sem virðist sérstaklega alvarlegt í ljósi hamfaranna sem hafa nú þegar dunið yfir og munu að öllum líkindum halda áfram í náinni framtíð. Hættunarn einskorðast ekki bara við Reykjaneselda, heldur er náttúruvá fjölbreytt og ávallt til staðar hr-inginn í kringum Ísland. Einnig eru til staðar hættur og ógnir af öðrum toga en bara af náttúrunnar hendi, svo sem voðaverk af mannavöldum. Þessar staðreyndir eru því umhugsunarverðar á sama tíma og viðbrögð ríkisstjórnar vegna hamfaranna í Grindavík og Suðurnesjum hafa í besta falli verið svifasein. Grunninnviðir eru margir hverjir berskjaldaðir fyrir náttúruöflunum og skortur á uppbyggingu ýmissa innviða, svo sem húsnæðis, gerir okkur nú þegar erfitt fyrir þegar stórfelldar rýmingar hafa þurft að eiga sér stað. ■





## 700 milljóna hagnaður Þjótandi

● Verktakafyrirtækið Þjótandi, sem staðsett er í Rangárbíngi ytra og fæst við snjómokstur, jarðvinnu, vegagerð og aðra jarðvinnu sem tengist mannvirkjagerð, hagnaðist um 695 milljónir króna í fyrra. Árið áður nam hagnaður félagsins 328 milljónum króna en frá og með árinu 2015 hefur það samtals hagnast um rúmlega 3 milljarða króna.

Tekjur verktakafyrirtækisins námu rúmlega 2,4 milljörðum króna á síðasta ári og jukust um 30% frá fyrra ári. Samanlagðar tekjur félagsins á síðustu níu árum nema 11,4 milljörðum króna. Eignir Þjótandi námu 3,9 milljörðum króna í lok síðasta árs. Eigið fé nam rúmum 3,2 milljörðum króna í lok síðasta árs og skuldir 716 milljónum króna.

Stjórn félagsins lagði til við aðalfund að 25 milljónir króna yrðu greiddar í arð til hluthafa á yfirstandandi ári vegna síðasta árs. Ólafur Einarsson og Steinunn Birna Svavarsdóttir eiga hvort um sig helmingshlut í verktakafyrirtækinu.







# Mikil uppbygging í skólamálamum

## ÚR BÆJARLÍFINU

Óli Már Aronsson  
Hella



**Hreiðar Hermannsson**, eigandi Stracta hótels, hefur fest kaup á Hótel Helli sem stendur við Þrúðvang á Helli. Nú standa yfir gagngerar endurbætur á húsnæðinu, sem verður allt tekið í gegn innandyrna og fært til nútímahorfs. Hótelíð mun fá nafnið Stracta Mosfell hótel og stefnir Hreiðar að því að geta opnað fyrir gestum á vordögum.

**Sótt hefur verið um** lóðirnar Faxaflatir 5, 7 og 9 undir hótelfarfsemi en þetta svæði er sunnan við Þjóðveg 1 gegnt húsnæði Reykjagarðs. Einnig hefur eigandi Hótel Kanslarans á þróunum að stækka við sig til austurs meðfram Þjóðvegi 1.

**Opið hús** var hjá Grunnskólanum á Helli þar sem íbúum var gefinn kostur á að skoða og kynna sér 1. áfanga nýrrar skólabyggingar. Það er óhætt að fullyrða að þessi framkvæmd hafi tekist vel og starfsfólk og nemendur eru mjög ánægð með nýja og endurbætta aðstöðu. Á fundi byggingarnefndar um uppbyggingu á skólalúsnæði á Helli var tekið saman lokauppgjör 1. áfanga viðbyggingar. Uppgjör gefur til kynna að kostnaður per fermetra sé 711 þúsund krónur með hönnunarkostnaði og er það í samræmi við upphaflega kostnaðaráætlun. Nýbyggingin sem tekin hefur verið í notkun er 530 fermetrar.

**Nýbygging** við Útskála er viðbót við núverandi skóla og er um 2.700 m<sup>2</sup>. Byggingin er 2. áfanga af fjórum við frekari stækkun skólans á lóðinni. Áfanginn er með sérgreinastofum, mótuneyti, samkomusal, bókasafni og tónlistarskóla á 1. hæð. Á 2. hæð eru skólaskrifstofur, móttaka, fundar- og viðtalsherbergi, kaffistofa



Morgunblaðið/Óli Már Aronsson

**Hella Unnið er á fullu við byggingu annars áfanga viðbyggingar Grunnskólans á Helli.**

starfsmanna, vinnuherbergi og fagbókasafn kennara, búningsherbergi og önnur stöðrymi starfsmanna auk tæknirýma. Viðbyggingin tengist núverandi elsta hluta skólans að sunnanverðu með tengingang. Aðalaðkoma mun færast og vera frá Þingskálum samhliða uppbyggingu áfanga 2.

**Kynningarfundur** var haldinn nýverið á Stracta hóteli fyrir sveitarstjórn og nefndarfólk vegna áforma Landsvirkjunar um vindorkuver á hraun- og sandsléttu við Vaðöldu austan

Sultartangalóns. Góðar umræður sköpuðust um verkefnið og var fundurinn upplýsandi fyrir fundarfólk, farið var yfir umfang og tímaáætlun og næstu skref í málinu. Skipulagsnefnd lagði til á síðasta fundi sínum breytingu á nafni verkefnisins úr Búrfellslundu í Vaðölduver enda orðin breyting á staðsetningu vindorkuversins.

**Guðni Guðmundsson** frá Pverlæk var útnefndur fyrsti samborgari Rangárþings ytra á árlegri samverustund með eldri borgurum í nóvember sl. í menningarsalnum á Helli.

Guðni hefur síðustu ár verið ötull við að tína rusl ásamt dósam og flöskum meðfram vegum á Suðurlandi. Andvirði þessa hefur runnið til íþróttastarfs í Holtum og í Landsveit.

**Um þessar mundir** er verið að auglýsa eftir áhugasömum aðilum til að sitja í hverfaráðum Rangárþings ytra. Hverfaráðin skulu vera fjögur talsins og starfa á Helli, í Holta- og Landsveit, í gamla Djúpárhreppi og í dreifbýli Rangárvalla. Hlutverk hverfaráða skal vera að fjalla um hvers konar mál á svæðinu og vera sveitarstjórn til halds og trausts. Hverfaráðin eru skipuð þremur fulltrúum skipuðum af sveitarstjórn og þremur varamönnum. Sveitarstjórnarfulltrúar eru ekki kjörgengir í hverfaráð. Auglýst skal eftir fulltrúum í ráðin á opinberum vettvangi.

**Lagt hefur verið fram** kauptilboð Rangárþings ytra vegna kaupa á 13,03 ha spildu úr landi Helluvaðs, undir íþróttasvæði og tengd svæði á Helli að fjárhæð kr. 52.000.000. Í tilboðinu þykir rétt að upplýsa að náist ekki samkomulag um kaup á umræddri landspildu þá má búast við að sveitarstjórn taki til skoðunar hvort efni standi til þess að óska heimildar til eignarnáms.

**Sveitarstjórn Ásahrepps** bókaði á fundi sínum á dögum áhuga sinn á að leita eftir því við sveitarstjórnir í Rangárvallasýslu hvort vilji væri til þess að hefja sameiningarviðræður þessara sveitarfélaga. Rangárþing ytra hefur samþykkt að mæta á fund til viðræðna.

**Verið er að leggja** lokahönd á nýtt deiliskipulag á Bjargstúninu. Það verður vonandi hægt að kynna það fljótlega, m.a. eru 16 lóðir fyrir einbýlishús frammi á kantinum fyrir vestan Ytri-Rangá sem verða glæsilegar útsýnislóðir með allan fjallahringinn í auglýsingu.





Bókun sveitarstjórnarmanna „Stjórn Sambandsins óskar eftir því að ríkisvaldið leiti annarra leiða við að útfæra markmið um gjaldfrjálsar skólamáltíðir en beint í gegnum gjaldskrár sveitarfélaga.“

# Óboðleg vinnubrögð

Undirritaðir oddvitar Sjálfstæðisflokksins í sveitarstjórnnum fagna því að langtíma kjarasamningar hafi tekist fyrir stærstan hluta launafólks á almennum vinnumarkaði. Markmið kjarasamninga um minni verðbólgu, lægri vexti og stöðugleika eru góð og þau styðjum við.

Eftir gerð kjarasamnings hefur umfjöllun fjölmiðla að mestu snúist um gjaldfrjálsar skólamáltíðir sem komu óvænt í fang aðþrengdra sveitarfélaga. Meginkrafan á sveitarfélög hafði frá upphafi snúið

að hóflegum gjaldskrárhækkunum, sem sveitarfélög hugðust öll bregðast við.

Það má ræða hugmyndina um gjaldfrjálsar skólamáltíðir og hvernig eigi að fjármagna þær. Samband íslenskra sveitarfélaga er vettvangur til þess. Fyrir rétt rúmum tveimur vikum, eða 26. febrúar, kynnti formaður Sambandsins fyrst hugmyndir um gjaldfrjálsar skólamáltíðir á fundi tæplega 50 sveitarstjóra, bæjarstjóra og borgarstjóra. Kom það flestum á fundinum

» Því var treyst að formaður myndi starfa samkvæmt bókun stjórnar og upplýsa aðila vinnumarkaðarins og forsætisráðherra með skýrum hætti. Svo varð ekki.

í opna skjöldu að sveitarfélögin væru skyndilega orðin lykilbreyta í kjaraviðræðum á almennum vinnumarkaði og með þessum hætti.

Afstaða fulltrúa sveitarfélaga á þeim fundi var mjög skýr, andstaðan var nánast einróma og einskorðaðist

ekki bara við Sjálfstæðisflokkinn. Enda lá fyrir að hér væri ráðskast með sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga er snýr að mikilvægri þjónustu, eins og skólamáltíðum.

Brún okkar sveitarstjórnarmanna þyngdist enn þegar í ljós kom að við-

ræður formannsins við ríkisvaldið hófust í upphafi árs og var framhaldið í lok janúar eða mánuði áður en sveitarstjórnarfélagi var kynnt þessi hugmynd.

Þann 1. mars, var annar fundur með borgarstjóra, bæjarstjórum og sveitarstjórum og enn var mikil mótstaða meðal flestra sem tóku til máls. Stjórn sambandsins fundaði í kjölfarið og samþykkti eftirfarandi bókun:

„Stjórn Sambandsins óskar eftir því að ríkisvaldið leiti annarra leiða við að útfæra markmið um gjaldfrjálsar skólamáltíðir en beint í gegnum gjaldskrár sveitarfélaga. Stjórnin er reiðubúin til samtals um málið á breiðum grundvelli með það að leiðarljósi að tryggja barnafjölskyldum kjarabætur og velferð.“

Því var treyst að formaður myndi starfa samkvæmt eindregnum vilja sveitastjóra og bókun stjórnar og myndi upplýsa aðila vinnumarkaðarins og forsætisráðherra um afstöðuna með skýrum hætti. Ljóst er að svo var ekki.

Formaður Sambandsins lét síðan hafa eftir sér í fjölmiðlum að full sátt væri um þessa framkvæmd. Það er rangt.

Í dag hittast sveitarstjórnarfulltrúar af öllu landinu á ársþingi Sambandsins og þar er afar mikilvægt að formaðurinn skýri aðkomu sína að kjarasamningsgerð á almennum markaði.

**Almar Guðmundsson, Garðabæ**  
**Anton Kári Halldórsson,**  
**Rangárþingi eystra**  
**Ásdís Kristjánsdóttir, Kópavogi**  
**Ásgeir Sveinsson, Mosfellsbæ**  
**Berglind Harpa Svavarsdóttir**  
**Múlapingi**  
**Björn Haraldur Hilmarsson,**  
**Snæfellsbæ**  
**Björn Guðmundur Sæbjörnsson,**  
**Vogum**  
**Bragi Bjarnason, Árborg**  
**Einar Jón Pálsson, Suðurnesjabæ**  
**Eyþór Harðarson,**  
**Vestmannaeyjum**  
**Friðrik Sigurbjörnsson,**  
**Hveragerði**  
**Gauti Arnason, Höfn í Hornafirði**  
**Gísli Sigurðsson, Skagafirði**  
**Gestur Þór Kristjánsson, Ólfusi**  
**Guðmundur Haukur Jakobsson,**  
**Húnabyggð**  
**Hafrún Olgeirsdóttir,**  
**Norðurþingi**  
**Heimir Örn Arnason, Akureyri**  
**Hildur Björnsdóttir, Reykjavík**  
**Ingvar Pétur Guðbjörnsson,**  
**Rangárþingi ytra**  
**Jóhann Birkir Helgason,**  
**Ísafjarðarbæ**  
**Jón Bjarnason,**  
**Hrunamannahreppi**  
**Margrét Ólöf A Sanders,**  
**Reykjanesbæ**  
**Ragnar Sigurðsson, Fjarðabyggð**  
**Rósa Guðhjartsdóttir, Hafnarfirði**  
**Sveinn Hreiðar Jensson,**  
**Skaftárhreppi**  
**Þór Sigurgeirsson, Seltjarnarnesi**





Heimildin, 15.03.2024, síðu 6.  
grein stærð: 129.82 sm<sup>2</sup>  
grein hæð: 13.31 sm

# Búrfellslundur innan áhrifasvæðis jökulhlaupa

Vindorkuverið Búrfellslundur, sem Landsvirkjun áformar austan Sultartangavirkjunar á Þjórsár- og Tungnaárvæðinu, er innan mögulegra áhrifasvæða jökulhlaupa vegna eldsumbrota undir Bárðarbungu, Köldukvíslarjökli og Sylgjujökli.

Á þetta bendir Veðurstofa Íslands í umsögn um tillögu að deiliskipulagi hins fyrirhugaða virkjunarsvæðis. Stofnunin segist hafa unnið straumfræðilega líkanareikninga fyrir nokkrar mögulegar jökulhlaupasviðsmyndir. „Samkvæmt niðurstöðum reikninganna er möguleiki á að flóðvar í Sultartangastíflu, eða jafnvel stíflan sjálf bresti í verstu sviðsmyndum,“ segir í umsögninni. Áætlað uppbyggingarsvæði geti því farið á kaf „í djúpt og straumpungt vatn með miklum tjónmætti“.

Möguleg jökulhlaup eru áætluð mun stærri en svo að afmarkaðir flóðfarvegir yfirfalls úr Sultartangalóni beri þau.


Veðurstofan gerir sér grein fyrir því að virkjun vatnsorku í jök-

ulám er í eðli sínu viðkvæm fyrir jökulhlaupum en bendir engu að síður á að áætluð staðsetning vindorkuvers á mögulegu áhrifasvæði jökulhlaupa fjölgi „orkufjöreggjum þjóðarinnar sem útsett eru fyrir sömu hættu“. Svo segir í umsögn stofnunarinnar: „Velta má fyrir sér hvort að minnka megi samfélagslega áhættu í orkumálum með því að sem fæstum orkuinnviðum stafi ógn af hverjum einum tilteknum náttúruváratburði.“

Sveitarfélagið Rangárþing ytra, sem auglýsti deiliskipulagið, fékk verkfræðistofuna Efla til að svara framkomnum umsögnum. Efla leitaði aftur svara hjá Landsvirkjun sem segir marga flóðaútreikninga hafa verið gerða á framkvæmdasvæði Búrfellslundar. Hönnun verkefnisins taki mið af því að vindmyllurnar geti lent í straumvatni og eru hönnunarforsendur sagðar sérhannaðar með það í huga þar sem bæði er litið til veðurfarslegra flóða sem og jökulhlaupa.

sunna@heimildin.is





- 100 + GRINDVÍKINGAR
- 20-99 GRINDVÍKINGAR
- 1-19 GRINDVÍKINGAR

#### Sveitarfélög með yfir 100 íbúa frá Grindavík

Reykjavík	659
Reykjanesbær	549
Hafnarfjörður	294
Kópavogur	262
Garðabær	158
Sveitarfélagið Vogar	148
Árborg	110


#### Sveitarfélög með 20 til 99 íbúa frá Grindavík

Suðurnesjabær	83
Hveragerðisbær	36
Ölfus	32
Mosfellsbær	29
Akranes	24

#### Sveitarfélög með 19 eða færri íbúa frá Grindavík

Seltjarnarnes
Grímsnes- og Grafningshreppur
Akureyri
Borgarbyggð
Bláskógabyggð
Vestmannaeyjar
Rang. eystra
Rang. ytra
Húnaþing vestra
Dalvíkurbyggð
Hrunamannahreppur
Bolungarvík
Norðurþing
Grundarfjarðarbær
Skagafjörður
Fjallabyggð
Fjarðabyggð

- REYKJAVÍK
- KÓPAVOGUR
- HAFNARFJÖRÐUR
- GARÐABÆR
- MOSFELLSBÆR
- SELTJARNARNES
- SUÐURNESJABÆR
- REYKJANESBÆR
- SVEITARFÉLAGIÐ VOGAR



# Grindavík býr nú í 29 mismunandi sveitarfélögum

Hópur sem myndaði eitt samfélag fyrir rúmum fjórum mánuðum síðan er nú dreifður um allt land, er byrjaður að selja heimili sín til ríkisins og hefur fengið 1,8 milljarða króna í stuðning vegna þess að hann getur ekki sótt vinnu.



Þóður Snær Júlíusson  
thordur@heimildin.is

Sunna Ósk Logadóttir  
sunna@heimildin.is

Þann 10. nóvember, daginn sem Grindavík var rýmd og allt breyttist hjá íbúum bæjarins, voru 3.789 manns skráðir með lögheimili í bænum. Á þeim fjórum mánuðum sem liðnir eru síðan þá hafa 2.485 einstaklingar fært aðsetur sitt annað, samkvæmt tölum frá Þjóðskrá Íslands. Ljóst má vera að enn fleiri hafa flutt úr Grindavík. Þar býr nánast enginn í dag.

Hópurinn, sem eitt sinn myndaði samfélag, dreifist nú niður á 29 sveitarfélög. Flestir þeirra sem hafa fært aðsetur sitt, 659 talsins, fluttu til höfuðborgarinnar og 549 fluttu í Reykjanesbæ. Helmingur einstaklinganna sem hefur fært aðsetur sitt formlega fór í þessi tvö sveitarfélög. Hafnarfjörður, Kópavogur, Garðabær og Vogar voru líka vinsælir lendingarstaðir.



Í lok síðustu viku var opnað fyrir fyrrverandi íbúa Grindavíkur að selja íbúðir og hús sín til Fasteignafélagsins Þórkötlu, í eigu íslenska ríkisins. Þeir sem það kjósa munu geta fengið 95 prósent af brunabótamati í

endurgjald fyrir, sem varð til þess að beiðnir um endurmat á brunabótamati hruguðust inn til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Það var gert í þeirri von að nýir útreikningar muni sýna hærra mat, sem þýði hærri útgreiðslu út úr Þórkötlu þegar hún kaupir eignirnar. Ríkið reiknar með að uppkaupin muni í heild kosta um 61 milljarð króna. Á miðvikudag höfðu borist alls 273 umsóknir frá Grindvíkingum til Þórkötlu um að ríkið keypti húsnæði þeirra.

#### Vilja meiri stuðning

Í mörgum tilvikum er fasteignaverð mun hærra á þeim svæðum sem Grindvíkingarnir eru að færa sig til en það var í bænum. Framboð á sérbyli – stórum einbýlishúsum eða radhúsum – sem var einkennandi í Grindavík er líka allt annað og takmarkaðra. Til að mæta þessari stöðu ákvað Seðlabanki Íslands að auka svigrúm Grindvíkinga til lántöku vegna kaupa á íbúðarhúsnæði. Þeir mega veðsetja sig fyrir 85 prósent af kaupverði í stað 80 prósent og hámark greiðslubyrðar í hlutfalli





Heimild: Þjóðskrá Íslands

”  
**Í febrúar voru 68 Grindvíkingar skráðir atvinnulausir hjá Vinnumálastofnun. Þeir voru 38 í nóvember og hefur því fjölgað um 30 frá því að hamfarirnar dundu yfir, eða um 44 prósent**

við ráðstöfunartekjur þeirra má vera 40 prósent í stað 35 prósent.  
Grindvíkingar vilja hins vegar meiri stuðning. Á mánudag sendi bæjarstjórn Grindavíkur, Félag eldri borgara í bænum og tvö stéttarfélag þadan frá sér samstöðufrýrlýsingu þar sem þess var krafist að Grindvíkingar myndu njóta sömu kjara og fyrstu kaupendur og fái helmingsafslátt af stimpilgjöldum vegna fasteignakaupa. „Þá er bedið um að heimild verði veitt til nýtingar á séreignarsparnaði við kaup á fasteign líkt og heimilt er fyrir fyrstu kaupendur. Að lokum biðja samstöðuadilar um að öllum Grindvíkingum verði veitt heimild til að sækja um hlutdeildarlán líkt og fyrstu kaupendur.“  
Bjarg íbúðafélag hefur tekið þátt í að bjóða Grindvíkingum upp á leiguhúsnæði eftir að áfallið í nóvember reiddi yfir. Um miðja þessa viku hafði félagið, sem er óhagnaðardrifið, afhent Grindvíkingum 18 íbúðir í Reykjanesbæ, átta í Hafnarfirði, tvær í Reykjavík og eina í Þorlákshöfn. Þá hefur tólf íbúðum verið úthlutað í Vogum auk þess sem leigufélagið er enn með tólf íbúðir,

”  
**Hópurinn, sem eitt sinn myndaði samfélag, dreifist nú niður á 29 sveitarfélög**

flestar í Vogum en ein í Hafnarfirði, til fyrir Grindvíkinga sem hefur ekki verið úthlutað. Um er að ræða fjögurra eða fimm herbergja íbúðir en leiguverð á þeim er frá 248.500 krónum á mánuði til 305.200 krónum.  
**Stuðningur rennur út í sumar**  
Hið opinbera ákvað að greiða tímabundinn stuðning til atvinnurekenda, sjálfstætt starfandi eða launþega vegna náttúruhamfaranna í Grindavík. Stuðningurinn er greiddur ef starfsfólk hefur ekki getað sinnt störfum sínum í bænum. Ef starfsfólk sækir sjálft um stuðning er miðað við meðallaun þess á tímabilinu ágúst til október 2023 við ákvörðun á þeirri upphæð sem það fær. Tímabundni stuðningurinn er í boði til 30. júní næstkomandi.  
Samkvæmt upplýsingum sem Heimildin hefur fengið frá Vinnumálastofnun hafa samtals verið greiddar um 1,8 milljarðar króna úr ríkissjóði vegna þessa, en heildarfjöldi greiddra umsókn nemur 4.121. Á bak við þær umsóknir eru 1.695 kennitölur og

samtals 121 fyrirtæki, sem er uppistaða allra fyrirtækja sem störfuðu í Grindavík áður en yfirstandandi ástand skall á. Stærstur hluti þeirrar upphæðar sem búið er að greiða úr ríkissjóði hefur ratað til atvinnurekenda, eða rúmlega 1,5 milljarðar króna. Um 264 milljónir króna hafa farið til launþega og sjálfstætt starfandi aðila.  
Í febrúar voru 68 Grindvíkingar skráðir atvinnulausir hjá Vinnumálastofnun. Þeir voru 38 í nóvember og hefur því fjölgað um 30 frá því að hamfarirnar dundu yfir, eða um 44 prósent. Í svari frá Vinnumálastofnun við fyrirspurn Heimildarinnar kemur fram að stofnunin hafi ekki vísað einstaklingi frá Grindavík til Virk í starfsendurhæfingu eða í sambærileg úrræði. „Samkvæmt óformlegri fyrirspurn á Virk er ekki að sjá merki um aukna fjölgun beiðna frá einstaklingum búsettum í Grindavík á þessu tímabili sem um ræðir. Það er ekki óeðlilegt en reynsla sýnir að alla jafna líður einhver tími frá áfalli þar til fólk þarfnast inngrips á borð við starfsendurhæfingu.“



### Grunnskólabörnin í 73 skólum í 27 sveitarfélögum

Í nóvemberbyrjun voru grindvísk börn öll í sama skólanum, Grunnskóla Grindavíkur. Í dag dreifast þau á 73 skóla í 27 sveitarfélögum. Ákveðið var, skömmu eftir að hamfarirnar riðu yfir, að setja upp safnskóla á fjórum stöðum í Reykjavík þar sem nemendum bauðst að halda áfram námi með kennurunum sínum úr Grindavík, og gömlu bekkjarfélögunum. Safnskólarnir eru í Hvassaleitisskóla, Laugalækjarskóla, Ármúla og höfuðstöðvum KSÍ á Laugardalsvelli. Fyrir áramót stunduðu 55 prósent nemenda úr Grindavík nám í þessum skólum. Eftir áramót hefur það hlutfall lækkað umtalsvert, og er nú í kringum 40 prósent. Skólaakstur hefur auk þess verið í boði frá Suðurnesjum, Selfossi og Mosfellsbæ.  
Í svari mennta- og barnamálaráðuneytisins við fyrirspurn Heimildarinnar kemur fram að um 225 nemendur séu nú í þessum safnskólum, 87 eru í skóla í Reykjanesbæ, 59 í öðrum skólum í Reykjavík, 28 í Kópavogi, 25 í Garðabæ, 25 í Sveitarfélaginu Árborg, 22 í Hafnarfirði, ellefu í Sveitarfélaginu Vogum, tíu í Suðurnesjabæ og tíu í Hveragerði. „Hins vegar dreifast nemendur á mun fleiri sveitarfélög og þá eru oft ekki fleiri en 2-4 nemendur í hverjum skóla.“  
Framhaldsskólanemendur, sem eiga lögheimili í Grindavík, eru nú í 14 mismunandi skólum sem eru í níu sveitarfélögum

og flestir eru í Fjölbautaskóla Suðurnesja. Leikskólabörn eru í 46 skólum sem eru í 16 sveitarfélögum.  
Í svari ráðuneytisins segir enn fremur að áhrif hamfaranna á líf grindvískra barna séu miklar, ófyrirséðar og koma fram í áskorunum er tengjast m.a. skóla- og frístundastarfi. „Mikil hreyfing er á fólki og stöðugt er unnið að því að kortleggja og meta stöðu barnanna. Allt þetta gerir það að verkum að skipulag skólalalds hefur reynst krefjandi verkefni en það hefur verið á könnu fræðsluviðs Grindavíkurbæjar en mennta- og barnamálaráðuneytið hefur lagt til sérfræðiráðgjöf, m.a. við greiningu og lausnaleit. Í öllum viðbrögðum sem gripið hefur verið til er áhersla á að hlúð sé að börnunum og velferð þeirra tryggð eftir bestu getu. Trygg skólaganga er eitt af lykilatriðum í viðbragðinu.“  
Skólaskylda er á grunnskólastigi og heldur fræðsluvið Grindavíkurbæjar utan um skólasókn grindvískra grunnskólabarna. „Grindvíkingar hafa búið við ótrygga búsetu síðustu mánuði og hefur það óhjákvæmilega haft þau áhrif að ákveðinn hópur grindvískra barna hefur verið tilneyddur til þess að skipta nokkrum sinnum um skóla frá 10. nóvember en tölulegar upplýsingar um þetta hafa ekki verið teknar saman enn þá,” segir í svari ráðuneytisins.